

Ársskýrsla RKB 2021

Rannsóknarstofa í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands RKB

Árið 2021 var fyrsta starfsár stofunnar en hún var stofnuð 18. maí 2021 með undirritun samnings milli forsvarsmanna og æðstu stjórnenda kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Starfsemin fór hægt af stað, en stjórnir stofu og sjóðs voru skipaðar

STJÓRN

Stjórn RKB á árinu 2021 var þannig skipuð:

- Þóra Steingrímsdóttir yfirlæknir, prófessor, formaður,
 - Anna Ólafía Sigurðardóttir sérfræðingur í hjúkrun, klínískur dósent
 - Guðlaug Júlíusdóttir, félagsráðgjafi, lektor
 - Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmyndir, lektor
 - Ása Vala Þórisdóttir rannsóknarstjóri heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
 - Ragnar Grímur Bjarnason, yfirlæknir, prófessor
 - Urður Njarðvík, sálfræðingur, prófessor
- Þau þrjú síðast töldu voru tilnefnd af forseta heilbrigðisvísindasviðs HÍ, hin af forstöðumanni kvenna- og barnaþjónustu Landspítala

Stjórn rannsóknasjóðs RKB á árinu 2021 var þannig skipuð (öll skipuð af forstöðumanni kvenna- og barnaþjónustu Landspítala:

- Dagbjörg B. Sigurðardóttir, sérfræðilæknir
- Elísabet Konráðsdóttir sérfræðingur í hjúkrun
- Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi, lektor
- Henný Hraunfjörð, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri
- Ragnheiður I. Bjarnadóttir, sérfræðilæknir, lektor

STJÓRNARFUNDIR

Stjórn RKB fundaði tvisvar þetta fyrsta haust, í október og desember. Helst voru rædd og mótuð hlutverk stofunnar og baráttumál.

STARFSFÓLK

Eitt helsta baráttumál RKB er að fá heimild fyrir stöðu fasts starfsmanns. Væntanlegur starfsmaður hefði á hendi viðhald heimasíðu stofunnar og umsýslu styrkumsókna og -veitinga sjóðsins, auk ritunar fundargerða og ársskýrslu svo eitthvað sé nefnt.

HLUTVERK

Eitt helsta hlutverk stofunnar er að vera miðstöð vísindarannsókna í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum á Landspítala og Háskóla Íslands, m.a. með því að auka sýnileika þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer. Þar hefur vönduð, lífleg heimasíða mikla þýðingu.

RANNSÓKNARSJÓÐUR RKB

Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar stofnunar stofunnar. Stofnfé hans var 50 milljón króna gjöf frá Minningagjafasjóði Landspítala Íslands. Einnig barst sjóðnum peningagjöf frá Velferðarsjóði barna. Stjórn sjóðins hefur, í samráði við stjórn stofunnar og framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs, á árinu 2021 mótað skipulagsskrá sjóðins og úhlutunarreglur og undirbúið auglýsingu og styrkveitingu úr sjóðnum, sem fara á fram á árinu 2022.